



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. mars 2022
2201516/033.03 FB

Aðgengi að leiksvæðum í Kópavogi – umsögn garðyrkjustjóra

Í bæjarráði 20.1. sl. óskaði Theodóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi eftir umræðu í bæjarráði er varðar aðgengi að leiksvæðum í Kópavogi, einnig fyrir fatlaða, hvort sem um væri að ræða opin leiksvæði, leik- eða grunnskólalóðir. Í erindinu kom einnig fram ósk um umræðu um að skoðaður yrði undirbúningur að sértæku leiksvæði í samráði við Arnarskóla.

Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar garðyrkjustjóra.

Aðgengismálum á leiksvæðum mætti í raun skipta í nokkra hluta:

- A. Aðstæður umhverfis og um leiksvæði, sem lýtur t.d. að halla stíga, sem má ekki vera meiri en 1:20 (þ.e. 5 cm pr. m), breidd þeirra o.fl. sem lýtur t.d. að plássþörf hjólastóla.
 - B. Aðstæður á leiksvæðum, s.s. köntum og yfirborðsefnum.
 - C. Leiktæki og búnaður sem henta fötluðum.
 - D. Önnur atriði, t.d. öryggismál vegna sjónskertra.
-
- A. Almennt séð telur undirritaður að aðgengi sé að leiksvæðum í Kópavogi sé nokkuð gott, sérstaklega þeim nýrri, þó alltaf megi bæta. Sl. 10 ár hefur verið í byggingarreglugerð krafa um aðgengi fyrir alla og hafa ný svæði og endurbætt verið hönnuð m.t.t. þess. Aðstæður, t.d. vegna hæðarmismunar á lóðum/svæðum og plássleysis, leyfa þó ekki alltaf að allir lóðarhlutar séu aðgengilegir.
 - B. Stór hluti aðgengismála lýtur að yfirborði leiksvæða. Áður fyrr, þegar undirlag leiktækja var undantekningarlítið mól, þurfti malarsvæðið að vera um 10 cm neðar en aðliggjandi stéttar o.þ.h. Bæði atriðin þarna, þ.e. þessi hæðarmismunur og laust yfirborðsefni, gerir svæðið óaðgengilegt hreyfihömluðum í hjólastól. Við endurgerð lóða og leiksvæða er nær undantekningarlaust notuð föst yfirborðsefni, s.s. gervigras með falldempun, gúmmihellur og gúmmí“tartan“ sem auðvelda aðgengi og enginn hæðarmismunur er á leiksvæðunum. Þó endurgerð leik- og grunnskólalóða hafi staðið yfir undanfarin ár eru malarsvæði enn ríkjandi á 7 af 23 leikskólalóðum bæjarins sem enn hafa ekki verið endurgerðar, á mislitlum



hluta leiksvæða á 5 grunnskólalóðum af 11 og á tæpum helmingi opinna leiksvæða (32 af 67) og öllum fjórum gæsluvöllum. Í heildina eru því malarsvæði enn að finna á 48 leiksvæðum af 105 og mikið verkefni framundan að bæta stöðuna.

- C. Sum leiktæki henta jafnt fötluðum sem ófötluðum en einnig er um að ræða sérhönnuð leiktæki fyrir hreyfihamlaða, sem lítið er um á leiksvæðum bæjarins enn sem komið er. Dæmi um slíkt er þó hjólastólahringekja við Snælandsskóla og í Okkar Kópavogur 4. voru kosnar inn tvær hjólastólarólur, önnur í Smárahverfi og hin í Fífuhvammi (Lindum/Sölum) sem fyrirhugað er að verði settar upp á þessu ári og því næsta. Hugmynd um að Kópavogur yrði fyrsta sveitarfélagið að gera sérstakt leiksvæði ætlað hreyfihömluðum fór í kosningu í Dígranesi en náði ekki inn. Kostnaðaráætlun á það verk var 19 mkr.
- D. Kópavogsbær hefur brugðist við þegar komið hafa ábendingar um þegar sjónskert börn eru í leik- og grunnskólum og gera þarf ráðstafanir á lóðum. Þær felast aðallega í að mála kanta, tröppubrúnir o.þ.h. til að draga úr hrösunarhættu. Þetta er gert skv. úttektum og leiðbeiningum, t.d. frá Sjónstöð Íslands.

Vonandi nýtast ofangreindir punktar í þeirri umræðu sem óskað var eftir um málið í bæjarráði

Virðingarfyllst,

Friðrik Baldursson
Garðyrkjustjóri